

Mál nr. 217/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu (orsakatengsl) af völdum aftanákeyrslu.****Gögn.**

98. Málskot, móttakið 21.5.2012, ásamt fylgigögnum.

99. Bréf X, dags. 4.6.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 6.7.2011 var bifreiðinni A ekið aftan á bifreiðina B sem M ók. Áreksturinn varð á Bústaðavegi við Reykjanesbraut í Reykjavík. Ökumaður A kvaðst hafa ekið suður Bústaðaveg og verið rétt búinn að aka af stað við umferðarljós er ökumaður B (M) hafi hemlað. Hann hafi ekki náð að stöðva og lent aftan á B. M kvaðst hafa lagt rólega af stað vegna farms sem vaggði til á palli bifreiðar fyrir framan. Hann hafi svo hemlað er farmurinn féll af pallinum, en þá fengið létt högg aftan á B.

M leitaði samdægurs á slysa- og bráðadeild Landspítalans vegna verks aftan til í hálsi. Hinn 21.9.2011 leitaði M til L heila- og taugaskurðlæknis vegna verkja í hálsi sem liggja út í vinstri handlegg með dofa í vinstri handlegg og magnleysi sem og verkja í hnakka. Í læknisvottorði L kemur fram að M hafi lent í umferðarslysi fyrir 20 árum og þá tognað í mjóbaki og hálsi. Fyrir 12 árum hafi hann einnig orðið fyrir öðru óhappi. Við skoðun hafi M verið stífur í hálsi en verið með eðlilega krafta, tilfinningu og sinaviðbrögð. Við segulómun af hálsi M, sem framkvæmd var 27.9.2011, hafi komið í ljós brjós-klos C:V-VI vinstra megin og töluverð útbungun á brjós-klinu milli VI. og VII. hálsliða sem hallar yfir til hægri. Þá segir í téðu vottorði L að þar sem M hafi lent í þremur umferðarslysum geti hann ekki fullyrt um hvað orsakaði núverandi brjós-klos.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá vátryggingafélaginu X. Í ljósi lítilla skemmda á B fékk X fyrirtækið D til að reikna út þyngdarkraft sem verkaði á ökutækin við áreksturinn. Í skýrslu D, dags. 13.12.2011, er skemmdum á ökutækjunum lýst svo að á A séu sjáanlegar skemmdir á framhöggvara og á B vinstra megin á afturhöggvara. Þyngdarkraftur á A hafi verið 1,07g og á B 0,91g. Með vísan til þessa, svo og læknisvottorðs L, telur X ósannað að þau einkenni sem M búi við stafi af slysinu 6.7.2011 og hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekki er um það deilt að A var ekið aftan á B og ekki virðist heldur um það deilt að X beri fébótaábyrgð á líkamstjóni M að því marki sem hann hefur orðið fyrir slíku tjóni við áreksturinn. Gögn málsins um líkamstjón M eru af skornum skammti og ekkert mat liggur fyrir á því hvaða áverka hann hefur hlotið við slysið. Skemmdir á bifreiðunum, skýrsla D um áreksturinn eða fyrirliggjandi læknisvottorð verða á hinn bóginn ekki talin taka af öll tvímæli um að M hafi ekki orðið fyrir líkamstjóni. Eins og mál þetta liggur fyrir hefur nefndin ekki forsendur til að taka afstöðu til þess hvort sannað teljist að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í umrætt sinn. Er málið vanreifað að þessu leyti og ekki stutt nægilegum gögnum svo unnt sé að úrskurða í því. Samkvæmt því og með vísan til 3. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005 í B-deild Stjórnartíðinda, er máli þessu vísað frá nefndinni.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá.

Reykjavík, 19. júní 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.